58 arstjórnarkosningar skuli fram fara á ný fyrir þann tíma, sem eftir er af hinu
23. nóv. reglulega kjörtímabili bæjarstjórnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 23. nóvember 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

59
24. nóv.

## KONUNGLEG AUGLÝSING

**um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Þareð Vér erum á förum til útlanda, viljum Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að hans konunglega tign krónprins Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

*Gjört á Amalíuborg, 24. nóvember 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*